

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 407/1997 um útflutning á kindakjöti.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „30. nóvember“ í c-lið 3. gr. reglugerðarinnar kemur: 9. nóvember.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. nóvember 1997.

F. h. r.

Jón Höskuldsson.

Guðmunda Ögmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 414, 27. júní 1997, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1997/1998.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist svo:

5. Innfjarðarækja samtals	6800 lestir
Þ.a. Eldey	350 lestir
Þ.a. Arnarfjörður	500 lestir
Þ.a. Ísafjarðardjúp	1450 lestir
Þ.a. Húnaflói	1400 lestir
Þ.a. Skagafjörður	1200 lestir
Þ.a. Skjálfandi	700 lestir
Þ.a. Öxarfjörður	1200 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.